

# ÖRYGGI BARNNA

MÍÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER 2013

Kynningarblað TM, Atlas göngugreining, Herdís Storgaard og Samgöngustofa.



# Hvernig er barnið þitt tryggt?

Það getur verið flókið að átta sig á því hvernig börnin okkar eru tryggð og satt að segja mætti færa fyrir því rök að lausnir tryggingarfélaga á því sviði væru ekki til að einfalda fólki lífið. Ragnheiði Agnarsdóttir, framkvæmdastjóra einstaklingsþjónustu og samskipta hjá TM, langar þó að gera tilraun til að útskýra með einfölduðum hætti hvaða verndar börn geta notið hjá TM.

**F**lestar íslenskar fjölskyldur eru með svokallaðar fjölskyldutryggingar. Hjá TM heitir sú trygging Heimatrygging TM og geta viðskiptavinir valið milli fjögurra þrepa þar sem Heimatrygging TM4 er með viðtækustu verndina. Flestir okkar viðskiptavina sem eiga börn velja Heimatryggingu TM3 en hún innifelur nokkra liði sem taka sérstaklega til barna.

## Heimatrygging TM3 tekur meðal annars á eftirtöldum atburðum vegna barna:

- Slysatriyging í frítíma, t.d. ef barn slasast í skóla eða við íþróttaiðkun. Bætur þó ekki slys sem 16 ára og eldri verða fyrir við keppni og æfingar fyrir keppni. Barnatrygging TM er því mikilvæg börnum 16 ára og eldri sem stunda keppnisíþróttir.
- Umönnunartrygging vegna barna yngri en 15 ára við lengri dvöl á sjúkrahúsi.
- Ábyrgðartrygging vegna tjóns sem barn veldur öðrum og er skaðabótaskyldt samkvæmt lögum. Tjón fæst einnig bætt í þeim tilvikum þegar barn yngri en 10 ára veldur öðrum tjóni án þess að tjónið sé bótaskyldt að lögum.
- Áfallahjálpar fyrir barnið ef það lendir í tjónsatviki sem leiðir til vanlíðunar eða ótta.
- Þjófnaður t.d. á fatnaði og munum úr grunnskóla.
- Í Heimatryggingu fást gleraugu barna bætt líkt og

annarra fjölskyldumeðlima. Foreldrar sem eru sjúkdómatriyggðir gera sér oft og tíðum ekki grein fyrir því að börn þeirra eru tryggð fyrir sömu sjúkdómum og þeir í gegnum sjúkdómatriygingu foreldra. Fjárhæð tryggingar barnsins nemur helmingi af vátryggingarfjárhæð foreldris.

Sjúkdómatriyging foreldra tekur meðal annars til eftirtalinnna sjúkdóma barna eða aðgerða sem þau þurfa mögulega að undirgangast

- Krabbameins.
- Alvarlegra brunasára.
- Heilahimnubólgu af völdum bakteríusýkingar.

## Barnatrygging TM tryggir framtíðarhagsmuni barnsins

Á síðasta ári hóf TM sölu á nýrri vernd, Barnatryggingu TM. Fyrir aðeins 1.000 krónur á mánuði veitir tryggingin góða fjárhagslega vernd vegna slysa eða sjúkdóma barna. Tryggingin gildir frá 3 mánaða aldri barns og allt þar til viðkomandi nær 25 ára aldri. Tryggja þarf barnið áður en það nær 16 ára aldri.

- Barnatrygging TM auðveldar foreldrum að annast þau börn sem þurfa á langtíma-umönnun að halda í kjölfar slysa eða sjúkdóma.
- Barnatrygging TM er viðbót-arvernd fyrir börn sem stunda keppnisíþróttir og eru 16 ára og eldri, enda falla þau utan hefðbundinna fjölskyldutrygginga. Tryggingin veitir vernd til 18 ára aldurs vegna

keppnisíþróttar. Stundi börnin keppnisíþróttir eftir þann tíma þarf að tryggja þau sérstaklega með sjúkra- og slysatryggingu.

## Reiknivél á vefnum

Það er mikilvægast að tryggja líf og heilsu fjölskyldunnar og það er oft og tíðum ódýrara en að tryggja ökutæki. Hjón um þrítugt með tvö börn gætu til að mynda verið að greiða um 7.000 kr. á mánuði fyrir víðtæka líf- og heilsuvernd. Til þess að auðvelda fólki að skoða hversu hagkvæmur kostur góðar líf- og heilsutryggingar eru höfum við útbúið reiknivél á vefnum sem nálgast má á slóðinni [www.bornogforeldrar.tm.is](http://www.bornogforeldrar.tm.is). Þar má einnig sækja um líf- og heilsutryggingar fyrir fjölskylduna. Að ganga frá líf- og heilsuvernd fjölskyldunnar ætti að vera forgangsmál allra.

Ragnheiður Agnarsdóttir

## ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ NÁLGAST Á WWW.TM.IS

## HEILDSTÆÐ VERND

TM býður foreldrum heildstæða vernd fyrir börn þeirra í gegnum Heimatryggingu TM, sjúkdómatriygingu og sérstaka barnatryggingu. Séu fjölskyldur með þessar tryggingar njóta börnin bestu verndar sem völ er á.



Ragnheiður Agnarsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingsþjónustu og samskipta hjá TM, útskýrir í greininni hvaða verndar börn geta notið hjá TM.

**”Hjón um þrítugt með tvö börn gætu til að mynda verið að greiða um 7.000 kr. á mánuði fyrir víðtæka líf- og heilsuvernd.**

# Flugeldar eru hættulegir

Aldrei er eins nauðsynlegt og fyrir áramótin að fylgjast með börnum og brýna fyrir þeim skaðsemi blysa og flugelda. Mörg alvarleg brunaslys hafa orðið vegna þess að börn eru að fikta.

**F**lugeldar og smádót fyrir gamlárskvöld eru ekki leikföng, brýnir Landsbjörg, stærsti seljandi flugelda, fyrir foreldrum. Börn yngri en 16 ára fá ekki að kaupa flugelda. Tólf ára og yngri mega ekki kaupa neinar flugeldavörur, ekki heldur þær sem notaðar eru innandyra.

Allir vita að ungir strákar eru afar spennir fyrir alls kyns áramótadóti. Þess vegna þarf að fylgjast vel með þeim síðustu daga ársins því að slysin gera ekki boð á undan sér. Hlíðarglæraugu eru fyrir alla þá sem horfa á þegar skjóta á upp flugeldum eða halda á blysum og stjörnuljósum. Þetta veit fólk en samt eru árlega fréttir af alvarlegum augnskaða eða brunaslysum eftir áramót. Fólk hefur einnig orðið fyrir varanlegum heyrnar-skaða af völdum flugelda.

Flugelda og blysa þarf að geyma á öruggum, þurrum stað þar sem börn ná ekki til. Börn eiga alltaf að vera með fullorðnum í návist flugelda. Gott er að vera með skinn- eða ullarhanska þegar haldið er á blysi eða stjörnuljósi.

Alvarlegustu slysin verða vegna þess að börn fikta við að búa til sprengjur eða taka flugelda í sundur. Reynslan sýnir að flestir þeirra sem verða fyrir slysum af völdum flugelda og blysa eru drengir á aldrinum 10-14 ára.

Ef eitthvert flugeldadót verður eftir, sem ekki hefur verið notað um áramót eða á síðasta degi jóla, á að skila því til Sorpu en starfsmenn þar taka á móti slíku dóti. Alls ekki má setja það í tunnur.

Flugeldar eru hættulegir og þeir eru ekki fyrir börn.



Börn jafnt sem fullorðnir eiga að hafa hlíðarglæraugu þegar kveikt er á flugeldum, blysum eða stjörnuljósum.



Hjá Atlas göngugreiningu starfar fagfólk við göngu- og hlaupagreiningu fyrir bæði börn og fullorðna.

# Láttu þér líða vel

Atlas göngugreining opnaði nýlega Eins og fætur toga í Bæjarlind 4 í Kópavogi

„Eins og fætur toga er þjónustumiðstöð sem hefur þrjú þetta starfsemi. Þar starfar fagfólk með íþróttatengdan bakgrunn svo sem íþróttafraeðingar, íþróttanæringarfræðingur, íþróttasálfræðingur, íþróttanuddarar, hjúkrunarfræðingur, fóttaadgerðafraeðingar, og fleiri sem hafa það sameiginlega markmið að auka hreyfingu landsmanna og halda uppi faglegri heilsutengdri umfjöllun,“ útskýrir Lýður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri Atlas göngugreiningar.

„Við erum sérfræðingar í fótum og komum til með að bjóða fjölbreytta þjónustu fyrir fætur svo sem göngu- og hlaupagreiningu, fóttaadgerðir, stoðtækjaþjónustu auk þess að bjóða upp á mikið af vörum tengdum fótum.“

Eins og fætur toga verður með mikið úrval af vinnuskóm fyrir þá sem eru að vinna á fótunum og sérverslun fyrir hlaupara og þá sem stunda léttu göngu. Footbalance-búnaður er notaður til að velja skó sem henta fótlagi og niðurstigi. Fjölbreytt þjónusta og vörur fyrir hlaupara og göngufólk. Sérhæfum okkur í gæðaskóm, Asics, Brooks, Ecco og New Balance, og fatnaði frá Brooks, Ron-

hill, Under Armour, CWX, 2XU, Compressport og fleira.“

## Góður árangur göngugreiningar fyrir börn

„Ef börn kvarta mikið undan verkjum í fótum, er ástæðan í mjög mörgum tilfellum skakkir hælur,“ segir Lýður.

„Þeir sem eiga börn sem eru löt að ganga, kvarta undan þreytu og vilja láta halda á sér ef þau eiga að ganga eitthvað, ættu því að koma til okkar í greiningu en dæmigert fyrir skakka hæla er að verkurinn hverfur um leið og börnin setjast niður og hvíla sig.“

Ef í ljós kemur að hælarnir eru skakkir, búum við til innlegg í skóna og réttum hælana af. Okkur hefur gengið ótrúlega vel að greina og laga skakka hæla hjá börnum og nánast undantekningarlaust líður börnunum betur,“ segir Lýður.

„Innleggin sem slík laga ekki fótinn en þau rétta hann af meðan þau eru undir. Líkaminn sér sjálfur um að styrkja liðbönd, vöðva og sínar í kringum liði og þegar innleggin eru til staðar er möguleiki á að fóturinn styrkist í betri stöðu.“

## Hversu ung börn er hægt að göngugreina?

„Um leið og börn eru hætt með bleiu og farin að hlaupa um geta þau komið í göngugreiningu. Þó er miðað við að börn komi fyrst í greiningu í kringum þriggja ára aldurinn.“

## Hvernig fer göngugreining barna fram?

„Barnið er látið ganga á hlaupabretti ef það hefur aldur til, yngstu börnin standa á brettinu og ganga á gólfinu. Tekin er vídeómynd aftan á fæturna og þannig sjáum við allar skekkjur í hælum, ökklum og hvernig álagið er upp í hné og mjaðmir. Eldri krakkar ganga einnig yfir þrýstiplötu sem sýnir hvar álagið er mest. Við skoðum fótinn einnig með höndunum og athugum þannig hvort liðirnir eru lausir. Þeir sem framkvæma göngugreiningu barna eru sérhæfðir íþróttafraeðingar. Sérfræðingar Atlas göngugreiningar taka um fimm þúsund manns í göngugreiningu á ári og hafa tekið um það bil 50.000 íslendinga í göngugreiningu frá árinu 2001.“



Lýður Skarphéðinsson framkvæmdastjóri segir skakka hæla algengustu orsök þess að börn kvarta undan verkjum í fótum.



Atlas Göngugreining er flutt í Bæjarlind 4. í Kópavogi.



# EINS OG FÆTUR TOGA

# Flest slys inni á heimilum

Herdís Storgaard heldur úti Miðstöð slysavarna barna með stuðningi IKEA, Sjóvár og Frumherja. Slysavarnaverkefni barna, sem var styrkt af ríkinu, hefur verið lagt niður en með góðu samstarfi við fyrrgreind fyrirtæki tókst að halda Miðstöðinn opinni.

Í Miðstöð slysavarna barna heldur Herdís Storgaard námskeið fyrir verðandi og nýbakaða foreldra. „Miðstöðin er til húsa að Borgartúni 41 en þar er ég með litla sýningaríbúð sem er sérinnréttað til kennslu. Þetta er í raun mínútgáfa af heimili þar sem bent er á mögulegar hættur. Allir verðandi og nýbakaðir foreldrar fá boðsbréf í gegnum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þeir geta svo farið inn á heimasíðuna msb.is og skráð sig á 90 mínútna námskeið sem er þeim að kostnaðarlausu,“ útskýrir Herdís.

Á námskeiðinu fer hún yfir öryggismál á heimilum og öryggi barna í bílum. Hún fjallar meðal annars um brunaslys, eftirlit með blöndunartækjum, hættur sem lausar gardínusnúrur geta skapað, mikilvægi þess að festa bókahillur og kommóður og mikilvægi beislisnotkunar í barnabílstólum og barnavögnum. Eins um hættuleg eiturefni á heimilum og hættuna af opnum eldi og heitum drykkjum svo eitthvað sé nefnt.

„Námskeiðið gengur fyrst og fremst út á að vekja foreldra til umhugsunar um að börn hafa ekki þroska og getu til að sjá hættur fyrir eins og við fullorðna fólki. Við löbbum í gegnum heimilið og staðnemumst við mögulegar hættur. Foreldrar fá síðan gátlista til að fara með heim en auk þess afhendi ég aukagátlista fyrir heimili ömmu og afa enda gerast slysin ekki síður þar. Að endingu fer ég svo yfir mikilvægustu atriðin sem snúa að öryggi barna í bílum og sýni tilheyrandi búnað.“

Herdís segir 60 prósent slysa hjá börnum yngri en fjögurra ára

„60 prósent slysa hjá börnum yngri en fjögurra ára verða inni á heimilum.“

verða inni á heimilum sem bendir til þess að foreldrar séu ekki nógu vel að sér varðandi þessi mál. „Þeir foreldrar sem mæta á námskeiðin eru mjög ánægðir og halda margir áfram að vera í sambandi og margir fylgjast með Facebook-síðunni Árveknislysavarnir barna. Þar er ég með vikulega pistla um öryggi barna auk þess sem fólki er heimilt að senda spurningar. Á heimasíðunni msb.is er líka mikið af gagnlegum upplýsingum ásamt gagnvirkum myndum af sýningaríbúðinni.“

Herdís fékk lengi vel styrki frá velferðarráðuneytinu og Landlæknisembættinu til að halda forvarnarstarfinu gangandi. Hún stofnaði sjálf félag utan um starfsemina árið 2011 en nú hefur verkefni hennar sem fyrr segir verið lagt niður. „Ég hef rætt þennan mikilvæga málaflokk við embættis- og ráðamenn en tala fyrir daufum eyrum sem er mikil synd enda fer heima- og frítímaslysum barna fjölgandi, samkvæmt Slysaskrá Íslands. Ég er því afar þakklát þeim fyrirtækjum sem sýna þá samfélagslegu ábyrgð að stíga inn og halda verkefninu gangandi. Eins og staðan er núna gef ég vinnu mína við kennsluna en ég biðla til fleiri fyrirtækja að taka þátt til að léttu róðurinn.“

Herdís segir hluta af samstarfinu við IKEA felast í því að brýna



Herdís er afar þakklát þeim fyrirtækjum sem sýna þá samfélagslegu ábyrgð að styrkja forvarnarverkefni hennar.

MYND/GVA

fyrir fólki að nota öryggisfestingar fyrir rúllugardínur. „Á hverju ári eru ung börn hætt komin vegna þess að þau festa gardínuböndin um hálsinn og liggur við köfnun. Mörgum gardínupakningum fylgja öryggisfestingar en þeir sem lesa ekki leiðbeiningarnar eiga það til að henda þeim. Við þjónustuborð IKEA er hægt að fá nauðsynlegar festingar ókeypis ef þær vantar. Ég hvet fólk eindregið til þess að festa þessi bönd eins og til er ætlast.“

## HUGIÐ AÐ RAFMAGNS- OG GARDÍNUSNÚRUM

„Nú þegar margir hafa skipt út ljósum og sett upp seríur í glugga og víðar, þá brýnir IKEA fyrir fólki, ekki síst foreldrum ungra barna, að skilja aldrei eftir lausar snúrur þar sem börn ná til. Allar lausar snúrur geta skapað köfnunarhættu. „Við brýnum alltaf fyrir viðskiptavinum okkar að festa snúrur niður eða ganga þannig frá þeim að ung börn flækist ekki í þeim. Þetta á við um bæði rafmagnssnúrur og snúrur og bönd í gluggatjöldum. IKEA býður öllum að koma og fá ókeypis öryggisfestingar fyrir rúllugardínur, hvort sem þær eru keyptar í IKEA eða ekki,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi.

# Heima- og frítímaslysum fjölga

Heima- og frítímaslys eru algengust slysa. Þeim hefur fjölgað síðastliðinn áratug. Aukningin er mest í yngstu og elstu hópunum.

Heima- og frítímaslys hafa verið algengasta tegund slysa frá því að skráning í Slysaskrá Íslands hófst árið 2002, eða um helmingur allra skráðra slysa. Rannsóknir benda til að flestar komur vegna meiðsla á bráðadeildir sjúkrahúsa í Evrópu séu einnig vegna heima- og frítímaslysa, en þau eru auk þess sú tegund slysa sem oftast leiða til innlagnar.

Edda Björk Þórðardóttir, verkefnastjóri hjá embætti landlæknis og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum, hefur tekið saman tölur yfir komur á bráðasvið Landspítalans síðastliðinn áratug. Niðurstöðurnar birtust í Talnabrunni, fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar í október. Hér er birt brot með leyfi Eddu.

„Þegar gögn frá bráðasviði Landspítalans eru skoðuð kemur í ljós að heima- og frítímaslysum hefur fjölgað síðastliðinn áratug, úr 38 slysum í 44 á hverja 1.000 íbúa á árunum 2003 til 2012. Þegar þessi slysaflokkur er skoðaður nánar kemur í ljós að slysum fjölga mest á þessu tímabili

„Nauðsynlegt er að rýna nánar í slysa-gögn, sérstaklega um slys aldraðra og barna.“

hjá yngstu og elstu Íslendingunum. Þegar yngstu aldurshóparnir eru skoðaðir sést að hættan á heima- og frítímaslysum er mest hjá börnum yngri en fimm ára. Slysum hefur fjölgað einna mest í þeim aldurshópi undanfarinn áratug, eða úr 67 slysum í 83 slys á hverja 1.000 íbúa. Meðal drengja á þessum aldri hefur slysum fjölgað úr 72 slysum í 92 á hverja 1.000 íbúa síðastliðinn áratug. Fjölgun hefur einnig orðið á slysum stúlkna á þessu aldurskeiði, úr 62 í 74 slys á hverja 1.000 íbúa frá 2003 til 2012.

[...]

Frá árinu 2003 hafa aldrei verið skráð jafnmörg heima- og frítímaslys miðað við mannfjölda á bráðasviði Landspítalans og árið



Edda Björk Þórðardóttir hefur tekið saman tölur yfir komur á bráðasvið Landspítalans síðastliðinn áratug en heima- og frítímaslys eru um helmingur allra skráðra slysa.

MYND/STEFÁN

2012. Nauðsynlegt er að rýna nánar í slysa-gögn, sérstaklega um slys aldraðra og barna, og rannsaka meðal annars tildrög þeirra, athafnir sem ollu sly-

unum ásamt tegund og alvarleika meiðsla. Nánari rannsókn á ofangreindum þáttum er forsenda þess að hægt sé að koma á fót árangursríku forvarnar-

starfi til að snúa þessari þróun við.

**Frekari upplýsingar úr Slysaskrá Íslands má nálgast á vef embættis landlæknis.**

# Leggðu verndarhönd yfir heimilið



**995,-/8 í pk.**

**PATRULL hornhlíf**

Pólýstýrenplast og gervigúmmí. Svart  
Fæst einnig hvítt

PATRULL hornhlífarnar draga úr hættunni á að barnið þitt slasi sig á hvössum hornum. Í PATRULL línunni eru mun fleiri öryggisvörur sem gera heimilið öruggara svo þú getir treyst því að barnið þitt fari sér ekki að voða. Kynntu þér úrvalið í versluninni og á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

**Áfengisauðglýsingar eru boðflennur í tilveru barna og ungmenna**

Börn og ungmenni eiga lögvarin rétt til þess að vera laus við áfengisáróður eins og áfengisauðglýsingar eru.

Ef þú berð hag barna og ungmenna fyrir brjósti þá vinsamlegast tilkynntu öll brot sem þú verður vitni að í gegnum heimasíðuna [www.foreldrasamtok.is](http://www.foreldrasamtok.is).

Foreldrasamtök GEGN ÁFENGISAUÐGLÝSINGUM



**Öll börn eiga rétt á Gleðilegum Jólum**



[www.hvitjol.is](http://www.hvitjol.is)

**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjolpostur@frettabladid.is](mailto:fjolpostur@frettabladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Þentimálalögnun Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára




Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á slysum eða tjóni sem rakin verða til saknæmrar háttsemi skólabarna sjálfra og því eldri sem grunnskólanemi er, þeim mun ríkari kröfur eru gerðar til háttsemi hans.

MYND/VILHELM

## Hver ber ábyrgð á skólabörnum?

Börn eru stóran hluta dagsins á ábyrgð annarra en foreldra sinna. Slysin gera ekki boð á undan sér og víst að margar hættur geta leynst á vegi barna á skólatíma. Hér er greint frá ábyrgðarhlutverki skólafyrvalda gagnvart öryggi skólabarna í grunnskólum Reykjavíkur.

*Hver ber ábyrgð á skólabörnum á skólatíma; í skólanum sjálfum, á skólalóð og utan skólalóðar þegar barn þarf á milli skóla og sundstaða eða íþróttahúss?*

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á slysum/tjónum skólabarna sem eiga sér stað í húsnæði grunnskólans og á það jafnt við húsnæði sem borgin á sjálf eða hefur á leigu undir starfsemi grunnskólans. Þá ber Reykjavíkurborg ábyrgð á slysum/tjónum skólabarna sem eiga sér stað innan skólalóðar á skólatíma sem utan hennar, ef um er að ræða starfsemi sem fram fer á vegum skólans, hvort heldur sem krafist er skyldumætingar nemenda eður ei. Skilyrði bótaábyrgðar Reykjavíkurborgar er að slys/tjón nemenda megi sannanlega rekja til lélegs aðbúnaðar eða viðhalds skólahúsnæðis eða skorts á eftirliti af hálfu starfsmanna Reykjavíkurborgar, það er skólastjórnenda, kennara og skólaliða. Rétt er þó að taka fram í þessu sambandi að Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á slysum/tjónum sem rakin verða til saknæmrar háttsemi skólabarna sjálfra. Því eldri sem grunnskólanemi er, þeim mun ríkari kröfur verða gerðar til háttsemi hans.

*Má samkvæmt lögum skilja yngra grunnskólabarn eftir eitt á skólalóð, í leiktækjum skólans eða á svelli og í snjóleikjum þegar það neitar að skila sér inn úr frímínútum, og má láta það vera*

*óáreitt úti sem samsvarar heilli kennslustund þegar það á að vera í tíma?*

Lagaákvæði taka ekki berum orðum á aðstæðum sem þessum. Hins vegar er ljóst að almennt hlýtur að eiga við að ekkert barn á að vera skilið eitt eftir í einhverjum þeim aðstæðum sem nefndar eru hér að framan þegar það á að vera í kennslustund.

*Hvernig er öryggi barna tryggt gagnvart slyshættu á skólatíma?*

Reykjavíkurborg leitast við að tryggja öryggi barna í skipulögðu starfi á vegum skóla eftir fremsta megni, meðal annars með því að búa þeim góðan aðbúnað í öllu skólastarfi og fela starfsmönnum að hafa eftirlit með börnum í starfsemi sem fram fer á vegum skólans.

*Njóta börn tryggingaverndar þegar kemur að líkamstjóni eða tannskaða á skólatíma og sem rakin eru til vanbúnaðar skólahúsnæðis, leiktækja, lóðar eða gáleysis starfsmanna skólans?*

Í fyrsta lagi eru í gildi reglur um slysatryggingar barna í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 10. júlí 2008. Bætur greiddast vegna slyss sem barn verður fyrir ef það leiðir til andláts eða varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

Í öðru lagi eru í gildi reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum

**Skilyrði bótaábyrgðar Reykjavíkurborgar er að slys/tjón nemenda megi sannanlega rekja til lélegs aðbúnaðar eða viðhalds skólahúsnæðis eða skorts á eftirliti.**

Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 13. mars 2008. Algengustu slysin sem grunnskólabörn verða fyrir og Reykjavíkurborg bætir samkvæmt reglum þessum eru tannbrot. Tannviðgerðir á börnum tilkomnar vegna slysa og tjóna eru endurgreiddar foreldrum/forráðamönnum að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Þá greiða fjölskyldutryggingar váttryggingarfélagi almennt einnig hluta af tannviðgerðum barna. Það sem eftir stendur greiðir Reykjavíkurborg, þó ekki hærri fjárhæð en kr. 100.000 vegna einstaks slyss.

Í þriðja lagi hefur Reykjavíkurborg svonefnda frjálsa ábyrgðartryggingu atvinnurekenda, en samkvæmt skilmálum tryggingarinnar tekur hún til bótaábyrgðar sem fellur á váttryggingartaka (Reykjavíkurborg) eða borgarstarfsmenn (skólastjórnendur, kennara, skólaliða og fleiri) valdi þeir þriðja aðila, til dæmis barni, tjóni með saknæmum og ólögumætum hætti.

# Öryggisbúnaður skiptir höfuðmáli

Að mörgu er að huga þegar kemur að öryggi barna í umferðinni. Vanda þarf valið á barnabílstólum og ekki síður frágangi þeirra í bíla og önnur farartæki. Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslustjóri hjá Samgöngustofu, gefur foreldrum góð ráð.

Þegar valinn er öryggis- og verndar- búnaður fyrir börn er mikilvægt að gefa sér góðan tíma, skoða heimasíður og kynna sér úrval verslana,“ segir Þóra og áréttar að búnaðurinn þurfi bæði að henta barninu og passa í bílinn. „Á sama hátt skiptir miklu máli að barnið noti búnaðinn rétt. Bílbelti má ekki vera snúið og það þarf að falla vel að líkama barnsins,“ segir hún. Þá megi aldrei setja belt fyrir aftan bak eða undir handlegg barns.

Flokkar öryggisbúnaðar miðast í dag við þyngd, að sögn Þóru. Gott sé að láta barnið nota bílstól eins lengi og hægt er (þangað til hámarksþyngd er náð). „Mikilvægt er þó að höfuð barns nái aldrei upp fyrir brún stólsins, en miðað er við eyrun,“ segir hún.

## Rétt notkun mikilvæg

„Ef keyptur er öryggisbúnaður sem festur er í bílinn með bílbelti er nauðsynlegt að athuga hvort hann passi í viðkomandi bíl,“ segir Þóra og bendir á að hægt sé að fá slíkar upplýsingar á heimasíðum framleiðenda eða í bæklingi sem fylgir búnaðinum. „Ef nota á sama búnað í fleiri en einn bíl þarf að gæta þess að hann passi í öllum tilvikum.“

Þegar öryggisbúnaður er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. „Þótt barn sé í réttum búnaði getur það slasast alvarlega ef búnaðurinn er ekki rétt festur. Mikilvægt er að lesa vandlega allar leiðbeiningar sem fylgja bæði bílnum og öryggisbúnaðinum. Þá er hægt að biðja sölumenn verslana um aðstoð við að festa búnaðinn í bílinn,“ lýsir Þóra.

## ISOFIX-festingar

Margir bílar eru með ISOFIX-festingar í aftursæti. Festingarnar eru tengdar grind bílsins. Þóra bendir á að ef keyptur er barnabílstóll með ISOFIX passi hann í alla bíla sem eru með ISOFIX-festingar.

Samgöngustofa varar við að keyptur sé búnaður af ókunnugum þar sem erfitt getur reynst að fá áreiðanlegar upplýsingar um búnaðinn. Gott er að hafa í huga að ef upprunaleiðbeiningar stólsins eru týndar má yfirleitt finna þær á netinu.

## Hvenær er óhætt að setja barnið í framvísandi barnabílstól?

„Barn á að snúa baki í akstursstefnu eins lengi og hægt er þar sem höfuð þess er hlutfallslega stórt og þungt og hálsliðir þess ekki fullproskaðir. Með því að nota bakvísandi barnabílstól minnka líkur á alvarlegum áverkum á mænu og heila barnsins,“ upplýsir Þóra. Hún segir best að láta barnið snúa aftur til þriggja ára aldurs. Aldrei megi setja barn undir eins árs í framvísandi barnabílstól.

## Notaður öryggisbúnaður og endingartími stóla

Hægt er að fá öryggisbúnað leigðan hér á landi, til að mynda hjá tryggingarfélögum, að sögn Þóru. Hún segir mikilvægt að athuga aldur búnaðar en endingartími flestra barnabílstóla er 10 ár, frá þeim degi sem þeir eru teknir í notkun. „Hins vegar er miðað við að ungbarnabílstólar endist skemur, eða í fimm ár,“ segir Þóra og tiltekur að ekki sé mælt með að fleiri en tvö börn noti sama ungbarnabílstól.

Ef búnaður er fenginn að láni hjá vinum eða ættingjum er áriðandi að kanna aldur stólsins og hvort hann hafi orðið fyrir hnjaski. Hvort hann hafi til dæmis verið í notkun í bíl í árekstri eða lent í öðru óhappi, til að mynda fallið úr nokkurri hæð. „Öryggisbúnaður getur verið ónýtur þótt ekkert sjáist á honum og því getur vitneskja um meðferð stólsins verið mikilvæg,“ segir Þóra.



Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslustjóri hjá Samgöngustofu, segir höfuðmáli skipta að velja rétta öryggisbúnaðinn og nota hann á réttan máta.

MYND/VALLI

## Þrjár tegundir öryggisbúnaðar

Flest börn nota þrjár tegundir af öryggisbúnaði um ævina áður en þau nota bílbelti án búnaðar.

### Ungbarnabílstóll

Fyrsti stóllinn er oft nefndur ungbarnabílstóll en mismunandi er hversu lengi börn nota þann stól. Flestir ungbarnabílstólar duga barninu þar til það hefur náð 13 kg þyngd. Þó er einnig hægt að kaupa stóla sem ná frá fæðingu og upp í 18 kg þyngd en slíka stóla er ekki hægt að nota sem burðarstóla heldur eru þeir hafðir fastir í bílnum. Hægt er að kaupa ungbarnabílstól með sökli (e. base). Sökkullinn er festur í bílinn með bílbelti eða með ISOFIX-festingum. Stólum er síðan smellt í sökkulinn.

### Barnabílstóll

Þegar barnið hefur vaxið upp úr ungbarnabílstólum þarf það stól sem ætlaður er börnum upp í 18 eða 25 kg en þeir stólar eru festir í bílinn með bílbelti eða með ISOFIX-festingum. Barnið er fest í stólinn með fimm punkta belt.

### Bílpúði með baki

Þegar barnið hefur náð 18 eða 25 kg er óhætt að setja það á bílpúða með baki. Ekki er mælt með notkun bílpúða án baks því bakið veitir betri vörn. Á bakinu eru lykkjur eða hök til þess að þræða bílbeltið í þannig að það falli rétt að líkama barnsins. Því miður verða starfsmenn Samgöngustofu varir við það í könnunum sínum að börnum er leyft of snemma að vera einungis í öryggisbelti en barn á að nota sérhæfðan öryggisbúnað sem hæfir því þar til það hefur náð 150 cm sem er oft ekki fyrr en um 10-12 ára aldur.



Högg frá loftpúða getur leitt til alvarlegra áverka eða jafnvel dauða. Myndin er sviðsett.

## ÖRYGGISPÚÐAR ERU VARASAMIR

Öryggispúðar í bílum eru mikill öryggisbúnaður en þessir púðar eru hættulegir ungum börnum. Hættan felst í högginu sem barnið verður fyrir þegar púðinn þenst út og lendir á höfði og efri hluta líkamans. Höggið getur leitt til alvarlegra áverka eða jafnvel dauða. Samkvæmt lögum mega börn undir 150 cm hæð ekki sitja í framsæti bifreiðar ef öryggispúði er fyrir framan sætið. Þetta á einnig við þótt barnið sitji í öryggisbúnaði. Flestir eru með þetta á hreinu.

Annað hvert ár framkvæmir Samgöngustofa, með Slysavarnafélaginu Landsbjörg, könnun á öryggisbúnaði barna. Þá stöndum við úti fyrir framan valda leikskóla og skoðum aðbúnað barna í bílum þegar þau koma á leikskólann. Því miður fáum við í hvert sinn, sem við framkvæmum þessa könnun, tilfelli þar sem börn sitja fyrir framan öryggispúða. Í einu tilfelli sátu tvö börn í framsætinu, í einu öryggisbelti fyrir framan öryggispúða. Ástæður sem gefnar eru upp eru oftast en ekki þær að það sé svo stutt að fara eða þetta sé „hinn billinn“, sem viðkomandi er yfirleitt ekki á. Þess má geta að flest slys verða nálægt upphafsstað og þeir sem eru að aka börnum sínum á leikskóla eru yfirleitt að fara stutta leið því allflestir búa nálægt leikskólanum.



Þegar barnið hefur náð 18 eða 25 kg er óhætt að setja það á bílpúða með baki.

Barn á að snúa baki í akstursstefnu eins lengi og hægt er þar sem höfuð þess er hlutfallslega stórt og þungt og hálsliðir þess ekki fullproskaðir.



### UM BORD Í FLUGVÉL

**Gott er** að kynna sér þær öryggisreglur sem gilda hjá flugfélögum því þær geta verið mismunandi milli félaga.

**Þeir sem** ferðast með börn yngri en 2 ára þurfa ekki nauðsynlega að kaupa sérsæti fyrir þau. Almenn láta flugfélög foreldra hafa laus sæti ef unnt er og þá getur barnið setið öruggt í barnabílstól. Ef engin aukasæti eru laus situr foreldri með barnið í fangi sér. Viðbótarlykkjubelti eru öryggisbelti sem ætluð eru yngstu farþegunum. Þetta belt er þrætt í öryggisbeltið sem hinn fullorðni notar og barnið síðan spennt í það þar sem það situr í fangi hins fullorðna.

**Gott er** að fá upplýsingar hjá flugþjónum um hvernig er best að festa barnabílstól í sæti. Þá er gott ráð að hafa með sér mat og drykk fyrir börnin. Passa þarf að drekka ekki heita drykki með börn í fanginu. Ekki er mælt með að skipta á börnum á meðan ókyrrð er í lofti.

**Eldri börn** geta orðið óróleg á löngum ferðum og því þarf að hafa eitthvað meðferðis sem styttir þeim stundir. Mikilvægt er að börnin sitji ávallt spennt í sætinu meðan á fluginu stendur vegna hættu á ókyrrð. Dæmi eru um að börn hafi slasast þegar matarvagnar hafa rekist á þau eða vegna skyndilegrar ókyrrðar.



### EKKI EFTIRLITSLAUS NÁLÆGT VATNI

**Ung börn** geta drukknad á innan við þremur mínútum í aðeins 2-5 cm djúpu vatni. Drukkun getur átt sér stað víða til dæmis í sundlaug, baði, setlaug, ám, lækjum og ekki síst pollum. Það getur gerst mjög skyndilega og hljóðlega án hrópa eða busls í vatninu.

**Ekki má** treysta eingöngu á sundkennslubúnað, s.s. armakúta eða sundjakka. Ung börn eru forvitin og sífellt á ferðinni. Ef þau lenda í erfiðleikum hafa þau litla möguleika á að bjarga sér m.a. vegna þess að höfuð þeirra er hlutfallslega mjög þungt og stórt miðað við líkamann og því eiga þau erfitt með að lyfta höfðinu upp til að ná andanum. Þungur og fyrirferðarmikill fatnaður gerir þeim erfitt fyrir að koma sér upp og ekki má gleyma að kuldi vatnsins getur dregið fljótt úr kröftum þeirra.

**Aldrei má** skilja barn eftir eftirlitslaust í nálægð við vatn. Heimild: forvarnarhusid.is

## SNJÓSLEÐAR OG -ÞOTUR

**Fylgjast þarf** vel með því að börn leiki sér á öruggan hátt í snjó, útskýra hvar hætturarnar leynast og benda á örugg leiksvæði.

Hljóðmanir við umferðargötur, brekkur sem liggja að götum og umferðargötur eru ekki leiksvæði.

Slöngudráttur og sleðabrunn við götur eru ekki örugg skemmtun.

Snjóruðningar eftir mokstur á götum geta verið freistandi leiksvæði. Þeir eru hins vegar ekki öruggir því þakið getur hrunið yfir barnið og það kafnað.

Benda þarf börnum á að nota heldur ekki skafila til að renna sér á sleðum þar sem þeir liggja oftast nálægt götum og börnin geta runnið stjórnlaust í veg fyrir bíla.

Ekki leyfa börnum að nota bíla, mótörhjól eða önnur ökutæki til að draga sig á þotum, sleðum eða slöngum eftir götum.

[www.forvarnarhusid.is](http://www.forvarnarhusid.is)



# Úrvalsbækur handa börnum



## „Fyrsta flokks barnabók“

Tónlistin úr leiksyningunni „Skrímslið litla systir mín“ fylgir með á geisladiski.

„Bókin er fallega myndskreytt af Björku Bjarkadóttur og tónlist Eivarar Pálsdóttur er skemmtileg viðbót við vandaða bók. Eins og aðrar fyrsta flokks barnabækur höfðar bókina bæði til barna og fullorðinna.“

Ólöf Skaftadóttir, Frbl. 18. okt.



## Lísa í Undralandi í nýjum ævintýrum

*Í gegnum spegilinn* er sjálfstætt framhald *Lísu í Undralandi* og hefur löngum verið talið eitt af meistaraverkum barnabókmenntanna. Kemur nú út í fyrsta sinn á íslensku í vandaðri þýðingu Valdimars Briem og með upprunalegum myndskreytingum.



## Bækur fyrir börn og foreldra



Handa öllum þeim sem eiga erfitt með að stilla skap sitt og bregðast við stríðni og öðrum streituvöldum.

Hvernig er hægt að fá börnin til að koma sér upp góðum venjum við heimanámið? Þessi bók veitir ótal góð ráð í því efni!



## Frábærar smábarnabækur



## Ævintýraheimur barnanna



Glæsilegar útgáfur með ævintýrum Grimmsbræðra og sögum úr sagnabálki Esóps. Frábærar myndskreytingar Vals Biros leiða okkur inn í töfrandi sagnaheim liðinna alda.

Sögur sem öll börn þurfa að kynna.

**SKRUDDA**  
www.skrudda.is